

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 13. mars 2014 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-75/2013:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 10. september sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bifreið sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefndur seljandi, fyrir milligöngu bifreiðasölu og -umboðsins Z, hér eftir einnig nefnd bifreiðasalan. Álitsbeiðandi krefst þess aðallega að seljandi eða bifreiðasali greiði sér skaðabætur, en til vara að kaupunum verði rift.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 12. september sl., gaf kæruneftndin seljanda og bifreiðasölu kost á andsvörum. Andsvör bárust frá seljanda hinn 14. október en engin andsvör bárust frá bifreiðasölu. Með bréfi, dags. 16. október, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 1. nóvember. Með bréfi, dags. 21. nóvember, var seljanda gefinn kostur á að koma að frekar andsvörum og bárust þau hinn 29. nóvember. Með bréfi, dags. 13. desember, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að koma að frekari athugasemdum. Með bréfi, dags. 13. desember, tilkynnti álitsbeiðandi að hann hygðist ekki koma að frekari athugasemdum í málinu. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 26. febrúar, var aðilum tilkynnt að kæruneftndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur fram að hinn 14. desember 2011 keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda, skv. því sem fram kemur í kaupsamningi og afsali. Bifreiðin var af gerðinni Mercedes Benz ML 270 CDI, árgerð 2005 og kaupverð var kr. 4.000.000. Álitsbeiðandi segir að við framrúðskipti á bifreiðinni vorið 2013 hafi komið í ljós miklar ryðskemmdir og við framhaldsskoðun á ryðskemmdunum hjá umboðsverkstæði hafi m.a. komið í ljós skemmdir á öllum hurðum, afturhlera, báðum frambrettum og vélarhlíf. Segist álitsbeiðandi þegar hafa kvartað undan því við bifreiðasala þann er hafði milligöngu um kaupin að bifreiðin gæti verið haldin leyndum galla. Segir álitsbeiðandi að í ljós hafi komið að seljandi bifreiðarinnar hafi sjálfur sótt um vildarþjónustu framleiðanda bifreiðarinnar vegna ryðskemmda á bifreiðinni síðla árs 2010. Því hafi seljandi vitað að bifreiðin var ryðguð. Eftir að hafa rætt við seljanda hafi einnig komið í ljós að bifreiðasalinn hafði látið gera söluskoðun á bifreiðinni hinn 8. nóvember 2011, en þar hafi framangreindar ryðskemmdir verið taldar upp að hluta. Afrit af umræddri skoðunarskýrslu hafi álitsbeiðandi fengið hjá seljanda í kjölfar þess sem hann varð var við ryðskemmdirnar. Segir álitsbeiðandi hins vegar að umrædd skoðunarskýrsla hafi ekki verið kynnt honum við kaupin. Telur álitsbeiðandi að bifreiðasölu hefði þó verið það skylt skv. 14. og 15. gr. laga nr. 28/1998 um verslunaratvinnu. Segir álitsbeiðandi að seljandi hafi upplýst sig um að hann hefði sett bifreiðina upp í kaup á nýrri bifreið af umræddri bifreiðasölu. Uppítökuverðið hafi verð kr. 2.880.000 en bifreiðasalan hafi verðfellt bifreiðina verulega frá upphaflegum væntingum seljanda m.a. vegna athugasemda sem komið hefðu fram í áður nefndri skoðunarskýrslu. Segir álitsbeiðandi að ryðskemmdir undir framrúðu bifreiðarinnar falli ekki undir vildarþjónustu

framleiðanda þar sem hann hafi látið framkvæmda skiptin af örðum aðila en bifreiðaumboði. Þá segir álitsbeiðandi að hvorki framleiðandi né umboðsaðili bæti ryðskemmdir á þaki bifreiðarinnar þar sem seljandi hafi látið sprauta þakið af öðrum aðila en umboðsverkstæði. Segir seljandi að þegar hann var við það að ganga frá kaupunum á bifreiðinni hafi hann tilkynnt bifreiðasölunni að hann hygðist fara með bifreiðina í söluskoðun. Starfsmaður bifreiðasöluinnar hafi hins vegar fullvissað hann um að það væri óþarfi þar sem bifreiðin væri í raun nýkomin úr athugasemdalausri skoðun. Þá segir seljandi að fleiri atriði væri hægt að telja til sem galla, svo sem brotinn gorm að aftan sem skipt hafi verið um í maí 2012, leka í sjálfskiptingu sem lagfærð hafi verið í mars 2012, leki með ventlahúsi í vél og forskrúfaðar skrúfur í ventlaloki sem urðu til þess að ventlalokið losnaði og eldur varð laus í vélinni. Það tjón hafi tryggingar bætt að hluta.

Álitsbeiðandi gerir aðallega þá kröfu að seljandi eða bifreiðasala greiði þann hluta viðgerða á ryðskemmdunum sem ekki falli undir vildarþjónustu framleiðanda og/eða umboðsaðila Mercedes Benz. Áætlaður kostnaður við þær viðgerðir er kr. 550.000, en kr. 1.100.000 ef engin vildarþjónusta fæst samþykkt af framleiðanda. Þá krefst álitsbeiðandi sömuleiðis bóta vegna ryðskemmda undir framrúðu. Til vara krefst álitsbeiðandi þess að kaupunum verði rift. Þá gerir álitsbeiðandi kröfu á hendur bifreiðasölunni á grundvelli ákvæða laga nr. 28/1998 um verslunarátvinnu. Bendir álitsbeiðandi á að bifreiðasalan hafi ekki lagt fram gögn sem lágu fyrir um ástand bifreiðarinnar. Þá hafi seljandi tekið fram að hann hafi aðeins fengið kr. 2.880.000 fyrir bifreiðina, sem sé einkennilegt í ljósi þess að álitsbeiðandi greiddi kr. 4.000.000 fyrir hana.

Meðfylgjandi álitsbeiðni er afrit af kaupsamningi og afsali, afrit af gögnum frá seljanda og afrit af samskiptum álitsbeiðanda við lögfræðing seljanda. Í gögnum sem stafa frá seljanda er m.a. að finna útprentun úr ökutækjaskrá, afrit af reikningi fyrir kaupum á nýrri bifreið dags. 19. desember 2011, afrit af kvittun vegna kaupa á nýrri bifreið, dags. 9. desember 2011 og afrit af söluskoðun á bifreiðinni xx-000, dags. 8. nóvember 2011.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda, rituðum af lögmanni hans, kemur fram að atvik málsins megi rekja aftur til ársins 2011 þegar seljandi hafi ákveðið að kaupa nýja bifreið af bifreiðasölunni og -umboðinu Z. Samþykkti bifreiðasalan að taka bifreiðina xx-000 upp í hina nýju bifreiða og var uppítökuverðið ákveðið kr. 2.880.000. Segir seljandi að áður en hann hafi fengið hina nýju bifreið afhenta og gengið frá kaupsamningi á henni hafi bifreiðasalan selt uppítökubifreiðina áfram til A og hafi kaupverðið í þeim viðskiptum verið kr. 4.000.000. Hafi starfsmaður bifreiðasöluinnar fengið seljanda til þess að skrifa undir kaupsamning og afsal vegna söluinnar þar sem ekki hafi verið búið að ganga frá kaupum seljanda á hinni nýju bifreið. Hinn 30. júlí 2013 hafi seljandi fengið bréf frá FÍB en þangað hafði álitsbeiðandi leitað vegna galla á bifreiðinni xx-000. Í bréfinu hafi verið lýst yfir riftun á kaupunum eða í öllu falli gerður áskilnaður um rétt til bóta. Þessu bréfi hafi verið svarað hinn 14. ágúst s.á. og öllum kröfum álitsbeiðanda hafnað. Seljandi segir síðan að hinn 14. ágúst hafi sé borist tölvubréf þar sem álitsbeiðandi óskaði eftir gögnum er staðfestu frásögn seljanda í svari hans til álitsbeiðanda frá 14. ágúst. Segist seljandi hafa sent álitsbeiðanda umbeðin gögn hinn 23. ágúst.

Telur seljandi ljóst að kröfur álitsbeiðanda gagnvart sér geti ekki náð fram að ganga fyrst og fremst vegna aðildarskorts. Í fyrsta lagi telur seljandi að raunverulegur eigandi umræddrar bifreiðar sé A og sé sá aðili réttur aðili að máli hvað varði galla á bifreiðinni. Þá telur seljandi að sá aðili sem raunverulega seldi bifreiðina til A sé Z enda ljóst að seljandi fékk aldrei greiddar kr. 4.000.000 fyrir bifreiðina líkt og kaupsamningur kveði á um. Þvert á móti segist seljandi aðeins hafa fengið greiddar kr. 2.880.000 fyrir bifreiðina, þ.e. í formi

uppítökuverðs á bifreiðinni vegna kaupa sinna á nýrri bifreið af Z. Telur seljandi í ljósi framangreinds að allar kröfur sem varði galla á bifreiðinni séu í eigu A sem kaupanda og eiganda bifreiðarinnar og þeim kröfum eigi að beina að Z sem seljanda hennar.

Seljandi vill þó koma því á framfæri að hann hafni staðhæfingum álitseiddanda um að hann hafi vitað af galla á lakki bifreiðarinnar og leynt þeim upplýsingum þegar hann seldi bifreiðina. Hið rétta sé að seljandi hafi við sölua verið í góðri trú um að bifreiðin væri ekki haldin slíkum galla. Segist seljandi áður hafa gengið úr skugga um að lakk bifreiðarinnar væri ekki haldið framleiðslugalla, eftir að hafa fengið vitneskju um að einhverjar bifreiðar af sömu tegund væru haldnar slíkum galla. Segist seljandi á sínum tíma hafa fengið umboðsverkstæði bifreiðarinnar til að skoða mögulegar ryðskemmdir á bifreiðinni. Í kjölfar þeirrar skoðunar hafi umboðsverkstæðið fullyrt að bifreiðin væri ekki haldin framleiðslugalla, og að ryð í bifreiðinni væri utanaðkomandi ryð sem rekja mætti til notkunar á bifreiðinni. Þá segir seljandi að engar athugasemdir hafi verið gerðar vegna galla á lakki við söluskoðun hjá Z í lok árs 2011, heldur hafi aðeins verið gerðar einstaka athugasemdir um ryð sem verði að telja eðlilegar miðað við aldur bifreiðarinnar. Þá tekur seljandi fram að þegar hann seldi Z bifreiðina hafi hann afhent starfsmanni Z afrit af samskiptum sínum við umboðsverkstæðið þar sem fram komi sú afstaða umboðsverkstæðisins að ryð á bifreiðinni yrði ekki rakið til framleiðslugalla. Því segir seljandi útilokað að hann hafi vitað af galla í lakki bifreiðarinnar.

Seljandi segir að fullyrðing álitseiddanda um að hann hafi látið sprauta þak bifreiðarinnar sé röng. Hið rétta sé að hann hafi aðeins látið sprauta fremsta hluta þaksins vegna ryðskemmda eftir steinkast. Þá hafnar seljandi því að bifreiðin hafi verið haldin öðrum göllum þegar hann seldi hana. Bifreiðin hafi verið yfirfarin áður en hún var seld og það sem fundið hafi verið að henni hafi verið lagað. Skipt hafi verið um fjarlægðarskynjara að framan og aftan og jafnframt skipt um spindilkúlu. Þá segir seljandi að hann hafi farið reglulega með bifreiðina í skoðun skv. reglum framleiðanda og hugsað vel um bifreiðina. Segist seljandi að fullyrðingu álitseiddanda að bifreiðin hafi verið send í mössun rétt fyrir söluskoðun í þeim tilgangi að fela ryðbólur á ytra byrði hennar sé röng.

Að lokum tekur seljandi það fram að hann hafni öllum kröfum álitseiddanda. Meðfylgjandi andsvörum seljanda er afrit af samskiptum lögmanns hans við álitseiddanda, ásamt afritum af reikningum vegna viðgerða á bifreiðinni.

V

Athugasemdir álitseiddanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitseiddanda við andsvör seljanda kemur fram að álitseiddandi telur sig vera réttan aðila til að gera kröfur vegna galla á hinni umdeildu bifreið þrátt fyrir að Landsbankinn hf. hafi fjármagnað kaupin. Þá segir álitseiddandi að góð trú seljanda um að bifreiðin væri ekki haldin galla breyti engu um ábyrgð seljanda vegna galla, enda geti seljandi orðið ábyrgur fyrir galla óháð vitneskju hans um gallann. Segir álitseiddandi jafnframt að hann hafi í sjálfu sér ekki áhuga á að sækja bætur til seljanda vegna leyndra galla á bifreiðinni en þar sem seljandi sé aðili að málinu geti hann ekki útilokað að það verði þó niðurstaðan. Álitseiddandi telur þó að bifreiðasalan beri að mestu ábyrgð á málinu þar sem hún hafi leynt hann upplýsingum sem hefðu getað haft áhrif á afstöðu hans til kaupa á bifreiðinni. Segist álitseiddandi þá eiga við það að starfsmaður bifreiðasöluunnar hafi ekki sýnt sér umrædda söluskoðunarskýrslu. Segir álitseiddandi að starfsmaður bifreiðasöluunnar hafi viðurkennt fyrir sér að hann hafi með þessu gert alvarleg mistök. Segir álitseiddandi að sé það mat sérfræðinga að bifreiðasalan sé ekki ábyrg. Því sé honum nauðugur sá kostur að sækja rétt sinn til seljanda. Rekur álitseiddandi að í tölvupósti frá sprautuverkstæði til seljanda, dags. 25. september 2010 komi fram að „komið [sé] ryð í flest alla hluti af þessum bíl“. Því hafi verið ljóst hinn 25. september 2010 að seljandi vissi að bifreiðin var verulega ryðguð. Hinn 14. október 2010 hafi sprautuverkstæði sent umboðsverkstæði bifreiðarinnar gögn um ryðið á

bifreiðinni og í svari umboðsverkstæðisins, dag.s. 15. október, hafi umboðsverkstæðið hafnað öllum kröfum um að framkvæma úrbætur. Telur álitsbeiðandi að fullyrðingar seljanda um að hann hafi ekki vitað af alvarlegum ryðskemmdum geti því vart staðist. Segir álitsbeiðandi að samkvæmt mati umboðsverkstæðisins þurfi að skipta um allar hurðar, afturhlera, bæði frambretti, húdd og ef seljandi hefði ekki látið sprauta þak bifreiðarinnar, hefði verið skipt um það einnig. Áætlaður kostnaður vegna þessa sé kr. 2.200.000. Hafi umboðsverkstæðið sótt á framleiðanda bifreiðarinnar um að hann tæki þátt í kostnaði vegna þessa. Eftir að umsóknin var send hafi liðið tveir mánuðir og þá hafi framleiðandi samþykkt að taka þátt í 50% af kostnaðinum. Segir álitsbeiðandi að skv. upplýsingum frá umboðsverkstæðinu hafði aldrei áður verið óskað eftir þátttöku framleiðanda bifreiðarinnar í kostnaði vegna lakkskemmda, telur álitsbeiðandi skýringu þessa vera samskiptaerfiðleikar milli áðurnefnds sprautuverkstæðis og umboðsverkstæðisins. Að lokum bendir álitsbeiðandi á að fullyrðing seljanda um að hann kannist ekki við að bifreiðin hafi farið í mössun fyrir kaupin og áður en álitsbeiðandi skoðaði bifreiðina sé nokkuð sérkennileg í ljósi þess að starfsmaður bifreiðasöluunnar hafi verið vel meðvitaður um það. Veltir álitsbeiðandi upp þeirri spurningu hvort verið geti að bifreiðasalan sjálf hafi sent bifreiðina í mössun án vitundar seljanda.

VI

Frekari andsvör seljanda

Í frekari andsvörum seljanda er þeim skilningi álitsbeiðanda að hann sé réttur aðili í málinu mótmælt sérstaklega sem rangri. Öðrum athugasemdum álitsbeiðanda er einnig mótmælt sem röngum.

VII

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila tekur til ýmissa atriða er varða kaupin á bifreiðinni xx-000. Greinir aðila m.a. á um aðild í málinu, bæði til sóknar og varnar. Telur nefndur seljandi í málinu í fyrsta lagi að álitsbeiðandi geti ekki gert gallakröfu í málinu þar sem hann sé aðeins umráðamaður hinnar umdeildu bifreiðar, en skráður eigandi hennar sé Landsbankinn hf. Sé því um að ræða aðildarskort til sóknar í málinu. Kærunefndin álitur að í því tilviki sem hér um ræðir skipti ekki máli þótt skráður kaupandi bifreiðarinnar xx-000 sé Landsbankinn hf. Hagsmunir þess fyrirtækis eru tryggðir samkvæmt þeim bílasamningi sem fyrirtækið gerði við álitsbeiðanda. Álitsbeiðanda ber hins vegar sem umráðamanni bifreiðarinnar réttur til að gæta hagsmuna sinna gagnvart seljanda bifreiðarinnar, sbr. álit kærunefndarinnar í málinu nr. M-43/2008 frá 28. september 2008. Þá hefur ekki annað komið fram í málinu en að álitsbeiðandi teljist neytandi skv. 3. mgr. 1. mgr. laga nr. 48/2003, þ.e. sé einstaklingur sem kaupir söluhlut utan atvinnustarfsemi. Fellur því ágreiningur aðila undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 hinn 14. desember 2011 fyrir kr. 4.000.000. Bifreiðin er af gerðinni Mercedes Benz ML 270 CDI, árgerð 2005 og fyrsti skráningardagur hennar 11. nóvember 2005. Nefndur seljandi í málinu hefur borið við aðildarskort til varnar í málinu. Byggir hann þá málsástæðu á því að hann hafi í raun ekki selt álitsbeiðanda bifreiðina xx-000, heldur hafi Z selt álitsbeiðanda bifreiðina. Gefur nefndur seljandi þá skýringu á þessari málsástæðu sinni að Z hafi tekið bifreiðina xx-000 upp í nýja bifreið sem nefndur seljandi keypti af Z og var uppítökuverðið kr. 2.880.000. Z hafi síðan selt

álitsbeiðanda bifreiðina á kr. 4.000.000. Þessu til stuðnings hefur álitsbeiðandi lagt fram reikninga vegna kaupa sinna á nýrri Honda bifreiða af Z. Eru þeir reikningar dags. 9. og 19. desember 2011.

Kærunefndin vill í þessu samhengi benda á að kaupsamningur og afsal vegna bifreiðarinnar xx-000 er hins vegar dags. 26. nóvember 2011, þ.e. rúmum tveimur vikum áður en nefndur seljandi fékk reikning fyrir kaupum sínum á nýrri bifreið af Z. Í sama skjali er álitsbeiðandi nefndur kaupandi og ritar hann nafn sitt á kaupsamninginn og afsalið. Þá er seljandi tilgreindur í kaupsamningi og afsali sem Y, hér nefndur seljandi og ritar hann nafn sitt undir samninginn. Í afriti af skráningu bifreiðarinnar xx-000 í ökutækjaskrá er Landsbankinn hf. skráður eigandi bifreiðarinnar xx-000 frá 26. nóvember 2011. Skráður eigandi bifreiðarinnar frá 13. júlí 2007 til 26. nóvember 2011 er hins vegar Y. Z hefur skv. þessu aldrei verið skráður í ökutækjaskrá sem eigandi bifreiðarinnar xx-000. Getur því kærunefndin, m.v. fyrirliggjandi gögn, ekki fallist á þá málsástæðu nefnds seljanda, að hann hafi ekki selt álitsbeiðanda bifreiðina xx-000.

Bifreiðin xx-000 var rúmlega 6 ára á kaupdegi og hafði verið ekið 166.000 km. Þegar kaupin fóru fram samkvæmt því sem kemur fram í kaupsamningi og afsali. Í kaupsamningi og afsali segir m.a. eftirfarandi: „Ökutækið selst í núverandi ástandi sem kaupandi hefur kynnt sér og sætt sig við, en seljandi kann að vera ábyrgur gagnvart kaupanda vegna galla samkvæmt almennum reglum. Vegna laga um neytendakaup nr. 48/2003 er bent á að bifreiðasaliinn er aðeins milliliður í viðskiptunum og er ekki samábyrgur seljandanum vegna skyldna hans. Kaupandi er hvattur til að kynna sér kaupverð á sambærilegum ökutækjum fyrir undirritun kaupsamnings.“

Samkvæmt þessum ákvæðum kaupsamningsins falla kaupin á bifreið álitsbeiðanda undir 17. gr. neytendakaupalaga sem nær til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 1. mgr. 17. gr. segir m.a.:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;

b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í 1. mgr. 16. gr. sem vísað er til í 17. gr. segir m.a. að söluhlutur teljist vera gallaður ef ákveðin atvik eða aðstæður eru fyrir hendi. Liðir b og c hljóða svo:

„b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin

c. hann [söluhluturinn] svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin.“

Þá segir enn fremur í 3. mgr. 16. gr. neytendakaupalaga að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Í framangreindum ákvæðum er kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Í kaupsamningi og afsali kemur fram að álitsbeiðandi staðfestir að seljandi hafi vakið

athygli hans á því að láta óháðan aðila meta ástand ökutækisins. Hefur álitsbeiðandi tekið það sérstaklega fram að slíka skoðun lét hann ekki framkvæma, enda mun bifreiðasalinn hafa dregið úr nauðsyn þess að gera það, þar sem bifreiðin hafi verið ný söluskoðuð. Fékk álitsbeiðandi hins vegar ekki að sjá niðurstöður söluskoðunarinnar fyrir kaupin. Engar haldbærar upplýsingar hafa komið fram um það hvort verð á bifreiðinni hafi á þeim tíma er kaupin fóru fram verið svipað og viðmiðunarverð á sambærilegum bifreiðum enda má segja að verð á bifreiðum á þessum aldri geti verið mjög mismunandi og farið m.a. eftir því hvernig bifreiðin lítur út og hvernig virðist hafa verið farið með hana.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að fátt bendi til þess að bifreiðin svaraði ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hafði gefið um hana, sbr. c-lið 1. mgr. 16. gr. Verður því ekki litið svo á að galli hafi verið til staðar á þeim grundvelli. Kærunefndin telur hins vegar að gögn málsins, m.a. söluskoðun, dags. 8. nóvember 2011, tölvupóst, dags. 25. september 2010, frá B til C þar sem spurt er um hvort hægt sé að gera „ryð claim“ vegna xx-000, þar sem komið var ryð í flesta hluti bílsins. Verður af þessu ekki annað séð en að seljandi hafi vitað um lélegt ástand á yfirbyggingu bifreiðarinnar fyrir kaupin. Þá verður ekki séð að seljandi, né bifreiðasalinn, sem kom fram f.h. seljanda sem umboðsmaður hans, hafa gert reka að því að kynna álitsbeiðanda þetta ástand bifreiðarinnar. Telur kærunefndin því að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skiptu um bifreiðina, sbr. b-lið 1. mgr. 16. gr. Að mati kærunefndarinnar telst bifreiðin jafnframt gölluð skv. a-lið 1. mgr. 17. gr. laganna, þ.e. í mun verra ástandi en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla m.v. kaupverð og atvik að öðru leyti.

Í 26. gr. laga nr. 48/2003 segir að reynist söluhlutur gallaður og gallinn hvorki sök kaupanda né stafi af aðstæðum sem hann varða geti neytandi samkvæmt ákvæðum 29. – 33. gr. laganna krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæðum 28. gr. Kröfu álitsbeiðanda í þessu máli verður að líta á sem skaðabótakröfu skv. 33. gr. laganna, en álitsbeiðandi hefur krafist þess að seljandi greiði sér kostnað vegna útskiptingar og viðgerða á hluta af yfirbyggingu bifreiðarinnar. Sá kostnaður mun ekki liggja endanlega fyrir og verður kærunefndin því að meta bæturnar að álitum. Skv. því sem segir í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda mun framleiðandi bifreiðarinnar hafa tekið á sig helming áætlaðs kostnaðar vegna viðgerðanna. Áætlaður kostnaður álitsbeiðanda mun hins vegar vera um kr. 550.000. Þegar litið er til þess að bifreiðin var rúmlega 6 ára og ekin 166.000 km þegar kaupin fóru fram og að álitsbeiðandi mátti búast við því að ytra byrði bifreiðarinnar þyrfti eitthvað viðhald fyrir eða síðar, auk þess sem litið er til þess að nýtt kemur í stað gamals, telur kærunefndin batur hæfilega metnar kr. 400.000.

Þá vill kærunefndin taka fram að gögn málsins bera það með sér að bifreiðasala sú er milligöngu hafði um kaupin, hafi ekki rækt skyldur sínar í samræmi við ákvæði laga nr. 28/1998 um verslunaratvinnu, sbr. sérstaklega 14. og 15. gr. laganna. Vill kærunefndin benda aðilum málsins á að skv. 19. gr. laganna fer lögreglustjóri í því umdæmi þar sem starfstöð bifreiðasala er, með eftirlit með starfsemi hans. Hefur lögreglustjóri í vissum tilvikum heimild til að svipta bifreiðasala starfsleyfi.

VIII

Álitsorð

Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 400.000.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir